

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

Starfslýsing

Svið

Fjársýslusvið

Starfsheiti

Sviðsstjóri

Nr. starfs

Ef við á

Vinnustaður

Ráðhús

Starfsheiti næsta yfirmanns

Bæjarstjóri

Almennt um starfið

Tilgangur og markmið starfs

Fjársýslusvið ber ábyrgð á fjárreiðum og gerð fjárhagsáætlana og viðauka við þær. Þá hefur sviðið forystu á sviði umbóta á rekstrareftirliti til að bæta ráðstöfun fjár og ber ábyrgð á að styrkja framkvæmd innkaupa með það að leiðarljósi að lækka kostnað Akureyrarbæjar við öflun aðfanga.

Sviðsstjóri fjársýslusviðs er yfirmaður sviðsins og hefur yfirumsjón með fjárreiðum, fjárhagsáætlanagerð og bókhaldi bæjarfélagsins.

Fjársýslusvið skiptist í þrjár deildir: Fjárreiðudeild sem annast greiðslu og innheimtu reikninga auk umsjónar með skuldabréfum sveitarfélagsins. Bókhaldsdeild sem annast skráningu reikninga og bókhald. Áætlanadeild sem annast fjárhagsáætlanagerð fyrir bæjarfélagið og söfnun hagtalna fyrir starfsemi bæjarins. Fjársýslusvið fer jafnframt með innkaupamál fyrir bæjarfélagið og hefur með höndum innra eftirlit með rekstri bæjarins.

Helstu verkefni og ábyrgð

Sviðsstjóri fjársýslusviðs ber ábyrgð á rekstri sviðsins og að kostnaður við rekstur þess sé innan fjárheimilda. Hann hefur í samráði við bæjarlögmann eftirlit með framkvæmd laga um málefni er undir hann heyra og varða verkefni sviðsins.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu og framfylgd jafnréttismála og umhverfismála á sviðinu.

Sviðsstjóri skal hafa heildaryfirsýn yfir öll fjármál bæjarins. Hann ber ábyrgð á að ávallt sé fyrir hendi nægt fé til að reiða af hendi greiðslur vegna skuldbindinga sem bærinn hefur gert þannig að greiðslur fari fram á umsömdum tíma.

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með fjármálum bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag, þ.e. innheimtum, útborgunum, kostnaðareftirliti og áætlanagerð varðandi fjármál og lántökur. Einnig hefur sviðsstjóri yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og starfsáætlana deilda og stofnana, samræmingu þeirra og eftirfylgni.

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með gerð ársreiknings bæjarsjóðs og bæjarstofnana og að lögð séu reglulega fram í bæjarráði fjárhagsyfirlit og frávikagreining yfir rekstur bæjarins fyrir liðinn hluta ársins.

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með gerð og frágangi allra fjárskuldbindinga Akureyrarbæjar svo og leigusamningum, veðsetningum, ábyrgðarsamningum og tryggingarmálum. Hann annast og hefur

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

yfirumsjón með fjárhagslegum samskiptum við samstarfsstofnanir Akureyrarbæjar, s.s. byggðasamlög og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með vinnslu bókhalds sem er undir daglegri verkstjórn aðalbókara. Hann hefur enn fremur yfirumsjón með fjárreiðum sem eru undir daglegri verkstjórn deildarstjóra fjárreiðna sem og yfirumsjón með áætlanadeild sem er undir daglegri verkstjórn deildarstjóra áætlanadeildar.

Sviðsstjóri leiðir umbætur á sviði gæðamála á sínu ábyrgðarsviði og eflir verkefni á sviði innra eftirlits. Þá leiðir sviðsstjóri umbætur á sviði miðlunar fjárhags- og rekstrarupplýsinga til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsmanna og íbúa Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri hefur eftirlit með rekstri sjálfseignarstofnana og félagasamtaka sem reiða sig á árlegt rekstrarframlag frá bænum eins og t.d. MAK.

Sviðsstjóri svarar ýmsum beiðnum innan kerfis um margvíslegar upplýsingar úr starfsemi deildarinnar sem nýtast gjarna við frekari ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnenda bæjarins.

Sviðsstjóri er leiðandi og mótandi í starfi sínu og hefur frumkvæði að lausn verkefna, veitir ráðgjöf og hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi á verksviði sviðisins.

Sviðsstjóri skal ávallt leita að umbótum og hagræðingu innan síns sviðs, gæta að kostnaði og tekjumöguleikum.

Sviðsstjóri hefur frumkvæði að hugmyndum til breytinga og skal vera skilvirkur og framsækinn í innleiðingu breytinga.

Sviðsstjóri sér um að veitt sé ráðgjöf og fræðsla til bæjaryfirvalda, stjórnenda og annars starfsfólks vegna mála er varða starfsemi sviðisins.

Sviðsstjóri er Regluvörður Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri er einn af prókúruhöfum fyrir Akureyrarbæ.

Sviðsstjóri fjársýslusviðs aðstoðar starfsmenn og fagteymi við úrlausn þeirra mála sem þarfnast sérstakrar úrvinnslu. Hann hefur eftirlit með að fyrirspurnir og erindi varðandi þjónustu fari til réttara aðila og fylgist með úrlausn þeirra mála sem undir hans verksvið heyrir. Hann hefur eftirlit með forgangsriðun verkefna og deilir verkefnum til starfsmanna þegar það á við. Sviðsstjóri hefur eftirlit með að ákvarðanir annarra stjórnenda á verksviði hans séu í samræmi við heimildir, samþykktir og verklagsreglur.

Sviðsstjóri annast ráðgjöf til deildarstjóra í starfsmanna-, rekstrar- og þjónustumálum.

Sviðsstjóri gegnir leiðtogahlutverki gagnvart starfsfólki sviðisins og samstarfsaðilum í samræmi við áherslur Akureyrarbæjar.

Grunnkröfur

Menntun, reynsla og hæfni/færni

Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegum greinum, meistaragráða æskileg.

Umfangsmikil þekking og reynsla af störfum á sviði fjármála, rekstrar og stjórnunar.

Þekking og umfangsmikil reynsla á sviði fjármála- og áætlanagerðar.

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

Þekking og umfangsmikil reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnslu og starfsmannastjórnunar.

Þekking og reynsla af stjórnslu sveitarfélaga.

Þekking á lögum og reglugerðum er varða starfsemina.

Mjög góð tölvukunnátta, sérstaklega góð þekking og reynsla af ritvinnslu- og reikniforritum.

Góð íslenskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandtungumáli æskileg.

Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Teymishugsun, samstarfsvilji, lipurð og hæfni í samskiptum.

Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.

Samskipti/helstu samstarfsaðilar

Samskipti við undirmenn, bæjarstjóra, bæjarráð og aðra sviðsstjóra. Situr fundi bæjarráðs eftir því sem við á.

Situr fundi með samstarfsfólki vegna einstakra verkefna.

Samskipti við einstaka bæjarfulltrúa og nefndarfolk vegna upplýsingagjafar um einstök mál.

Samskipti við viðskiptavinum bæjarins (íbúa og fyrirtæki), gjarna vegna óvenjulegra mála sem ekki hljóta hefðbundna afgreiðslu hjá undirmönnum.

Samskipti við ráðuneyti, skattayfirvöld, Samband íslenskra sveitarfélaga, sýslumann, o.fl. opinberar stofnanir vegna fjárhagsmálefna. Samskipti og upplýsingamiðlun til Kauphallar Íslands og Fjármálaeftirlitsins vegna skráðra skuldabréfa bæjarins.

Samskipti við innlendar og erlendar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki vegna lána- og skuldastýringar og ávöxtunar veltufjár bæjarins.

Samskipti við endurskoðendur bæjarins vegna ársreikningagerðar og ýmsa sérfræðinga vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu bæjarins á ýmsum sviðum.

Annast samskipti við fjölmiðla í samræmi við reglur um samskipti Akureyrarbæjar við fjölmiðla og situr fundi og ráðstefnur sem fulltrúi Akureyrarbæjar.

Mannaforráð

Undir sviðsstjóra fjársýsluviðs heyra þrjár deildarstjórar; deildarstjóri bókhaldsdeildar, deildarstjóri fjárreiðudeildar og deildarstjóri áætlanadeildar.

Samþykkt í bæjarráði 13.10. 2016 með fyrirvara um að nánari útfærsla á sviðum er í vinnslu.

Stefnumótun og áætlanagerð

Sviðsstjóri fjársýslusviðs hefur yfirumsjón með gerð fjárhags- og starfsáætlana fjársýslusviðs og verkefna sem undir sviðið heyra. Hann ber ábyrgð á og hefur eftirlit með framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar sviðsins.

Sviðsstjóri fjársýslusviðs hefur yfirumsjón með árlegri gerð fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs og bæjarstofnana í samráði við bæjarstjóra og formann bæjarráðs. Hann hefur yfirumsjón með gerð lána- og greiðsluáætlana. Hann vinnur með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs að gerð langtímafjárhagsáætlana fyrir bæjarsjóð og bæjarstofnanir sem lagðar eru fyrir bæjarráð og bæjarstjórn. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með árlegri gerð starfsáætlana fastanefnda og sviða.

Annað:

Starfslýsing er ekki tæmandi upptalning verkefna. Sviðsstjóri fjársýslusviðs annast önnur þau störf sem honum kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

Sviðsstjóri fjársýslusviðs skal hafa í heiðri við störf sín vandaða stjórnsluhætti, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, stjórnslulög nr. 37/1993 og önnur lög sem varða starfssvið hans. Sviðsstjóri skal vinna samkvæmt eftirtöldum samþykktum:

- Reglum um ábygðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnslu Akureyrarbæjar,
- Reglum um hlutverk stjórnenda hjá Akureyrarbæ,
- Mannauðsstefnu Akureyrarbæjar,
- Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar,
- Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnslu Akureyrarbæjar sem bæjarstjórn hefur staðfest og varða verksvið hans.

Sviðsstjóri fjársýslusviðs skal stuðla að góðri ímynd Akureyrarbæjar og koma fram með hagsmuni bæjarins og vinnustaðar að leiðarljósi.

Akureyri, 13.10. 2016

Undirskrift yfirmanns

Staðfesting starfsmanns á móttöku starfslýsingar